

Öryggi við hesthúsahverfi í Reyðarfirði

Hesthúsahverfi í Reyðarfirði er staðsett við umferðarpunga götu og þær reiðleiðir sem í boði eru gera flestar kröfu til þess að farið sé yfir áðurnefnda götu. Undirrituð lýsir yfir miklum áhyggjum á öryggismálum á svæðinu þar sem mikil gróska er í hestamennsku á Reyðarfirði og þar af mikið um krakka og ungmenni sem stunda íþróttina á svæðinu. Ég legg til að Umhverfis- og skipulagsnefnd feli starfsmönnum sviðsins að taka upp við Vegagerðina mál sem áður hefur verið rætt og varðar undirgöng undir fagradalsbraut til að auka öryggi hestamanna- og kvenna við hesthúsahverfi í Reyðarfirði. Jafnframt eykur það enn frekar á möguleika til bættra gönguleiða og útivistarsvæða en svæðið er mikið notað til almennrar útivistar.

Þuriður Lillý Sigurðardóttir